

"Það er áriðandi að eg fái að sjá hana," sagði skipstjórinn óþolinmóðlega."

"Geturðu ekki sagt mér erindið?" spurði kerling, sem var farin að verða forvitin.

"Segðu henni að eg hafi fengið fréttir af föður hennar," sagði skipstjórinn og reyndi að vera rólegur.

Höfuðið hvarf og glugganum var lokað. Skipstjórinn beið heila klukkustund, að honum fanst. Loksins heyrðist fótatak fyrir innan hurðina og ungfrú Gething lauk upp.

Hann sagði henni í fám orðum hvers hann hefði orðið vísari um föður hennar, og svo lögðu bæði af stað og hlustaði hún með athygli á það, sem hann var að segja á leiðinni. Leiðin var löng og hún var orðin þreytt; en samt þáðu hún ekki tilboð hans að hann leiddi hana. Þegar þau komu niður að bryggjunni, kom stýrimaðurinn hlaupandi á móti þeim; skipstjórinn bjóst við að fá illar fréttir.

"Það er ekki til neins," sagði hann; "þeir eru búnir að vinda upp segl og komnir af stað. Eigum við að kalla í þá um leið og þeir sigldu fram hjá?"

Skipstjórinn hljóp um borð og skildi ungfrú Gething eftir á bryggjunni. Við stjörnuskininu sá hann, að lítið skip kom siglandi niður eftir ánni.

"Settu upp ljóskerin í snatri, Jack, og vektu hásetana," kallaði hann til stýrimannsins.

"Til hvers?" spurði hinn forviða.

"Kvektu á þeim undir eim! Komdu hérna, Henry, og hjálpaðu mér til þess að losa þennan hlera."

Hann lagðist á hnén og fór að losa hlerann og Henry með monum, en stýrimaðurinn flýtti sér að vekja hásetana, þegar hann var búinn að kveikja á